

Nd.

366. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á 33. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

Frá Jóni Sigurðssyni.

Fyrir síðari málsgrein 2. gr. komi:

Launauppbót reiknast þannig, að hún nemi jafnri hundraðstölu af $\frac{2}{3}$ launanna, þó aldrei af hærri fjárhæð en 3000 kr. á ári, eins og allsherjarvísitalan í gildandi verðlagsskrá það ár sýnir, að verðhækkunin hafi numið, þó ekki meira en svo, að laun og dýrtíðaruppbót nemi samtals 9500 kr., og engin uppbót á launum, sem hærri eru. Uppbótin greiðist samtímis laununum, mánaðarlega, ársfjórðungslega eða árlega. Prestar, sem eigi er skylt að búa í kaupstað eða verslunarstað, fá $\frac{2}{3}$ launauppbótar. Samanlögð laun og dýrtíðaruppbót hæstarjettardómara mega þó nema 10500 kr. og dómstjóra og ráðherra 12500 kr.